

að þau geti bakað stefndum skaðabótaábyrgð. Þá verður ekki fallizt á það með stefnanda, að bæjarfógetanum hafi verið skylt að setja bátinn á flot, þegar þess var krafizt, þar eð báturinn virðist hafa orðið honum óviðkomandi um leið og skipagjöldin af honum voru greidd. Loks verður rétturinn að telja, að stefnandi hafi ekki neytt þeirra ráða, er fyrir hendi voru, til að verjast tjóninu, svo sem þeirra að greiða lögtaksupphæðina með fyrirvara um endurgreiðslu eða að bjóða tryggingu fyrir gjöldunum, á meðan á áfrýjun stóð, en hvorttveggja þetta virðist hefði getað forðað stefnanda frá öllu tjóni vegna lögtaksins.

Að öllu þessu athuguðu þykir verða að sýkna stefndan af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en enda þótt stefnandi virðist hefði getað komið skaðabótakröfunni að við áfrýjun lögtaksgerðarinnar, og þetta mál hefði því ekki verið nauðsynlegt, þá þykir þó eftir atvikum rétt að dæma hann ekki í málskostnað til stefnds, heldur verður málskostnaður látinn falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Garðars Þorsteinsonar f. h. Jaan Karu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 24. apríl 1939.

Nr. 73/1938. **Samband íslenzkra samvinnufélaga**
(Theodór B. Línal)

gegn

Péttri Magnússyni f. h. eigenda e/s
„Fagerstrand“ (Pétur Magnússon).

Kröfur út af vanefndum farmsamnings.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. júní f. á. og krafizt þess, að stefndi

verði dæmdur til að greiða honum £ 1832—18—1 ásamt 6% ársvöxtum af £ 1677—9—0 frá 1. maí til 21. júní 1937 og af £ 1832—18—1 frá þeim degi til greiðsludags og ennfremur allan kostnað við löghaldsgerð í e/s „Fagerstrand“ á Blönduósi 21. júní 1937. Þá krefst hann og, að löghaldsgerð þessi verði staðfest og að honum verði heimiluð aðför í tryggingu þeirri, sem sett hefir verið fyrir kröfum hans í þessu máli. Loks krefst hann málskostnaðar af stefnda bæði í héraði og hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Bótakrafa áfrýjanda greinist í 4 liði, sem taldir eru í hinum áfrýjaða dómi, og verður hér fjallað um þá í þeirri röð, sem þar segir.

Um 1. lið. Þau £ 75—0—0, sem hér getur, kveðst áfrýjandi hafa orðið að greiða til þess að fá sig leystan frá samningi um saltfarm í e/s „Fagerstrand“ í Trapani á Sikiley, en við saltkaupin þar hafi hann hætt fyrir bænarstað stefnda og eigi hann þessvegna heimtingu á að fá þessa fjárhæð bættu af honum. Af sakargögnunum verður ekki séð, að áfrýjandi hafi áskilið sér greiðslu þessarar fjárhæðar úr hendi stefnda, þegar það réðst, að saltfarmurinn skyldi keyptur í Santa Pola á Spáni, og þykir áfrýjandi þegar af þeirri ástæðu ekki nú geta sótt stefnda til greiðslu hennar.

Um 2. lið. Fjárhæð sú, £ 1125—0—0, er liður þessi tekur til, var helmingur farmgjalds þess, sem áfrýjandi skyldi greiða fyrir farm þann, er yfirvöld Francos í Ceuta tóku á sitt vald. Hafði áfrýjandi svo sem tilskilið var í farmsamningnum greitt þennan hluta farmgjaldsins fyrirfram með þeim hætti, að hann innti af hendi ýmis útgjöld fyrir

e/s „Fagerstrand“ á fermingarstað þess, en afganginn greiddi hann til skipamiðlarafirmans Nico Wiborg A/S Noregi. Það verður að telja vist, að skipamiðlarafirmað Wilson & Co., Hull, sem gerði farmsamninginn við áfrýjanda 1. marz 1937 um e/s „Fagerstrand“, hafði einungis haft umboð til þess af hendi K. Salvesen, Kragerö, sem tekið hafði skip þetta á leigu af stefnda til þriggja mánaða þann 20. janúar s. á. Þess er og getanda, að þeirri skýrslu stefnda er á engan hátt hnekkt, að Nico Wiborg A/S hafi tekið við greiðslu áðurgreinds hluta farmgjaldsins f. h. K. Salvesen, sem ætla verður, að hafi verið aðili að farmsamningnum við áfrýjanda. Verður þannig ekki álitid, að áfrýjandi hafi innt fyrri helming farmgjaldsins af hendi til stefnda og verður skylda stefnda til að bæta áfrýjanda missi hans ekki á þeim stofni byggð. Þar sem þannig stendur á, sem þegar hefir sagt verið, yrði stefndi því aðeins látinn svara til þessa kröfuliðs, að skipstjóranum á e/s „Fagerstrand“ hefði verið þess kostur að sigla með saltfarminn frá Santa Pola til Íslands og að hann hefði látið þá ferð af vanrækslu undir höfuð leggjast. En það verður ekki talið, að honum hafi orðið á nokkur handvömm í þessu efni. Skip hans var tekið af hervaldi Francos án þess að séð verði, að það hafi átt nokkurt undanfæri, yfirvöld Francos í Ceuta lýstu farminn upp-tækan, ráðstöfuðu honum sem sinni eign til sölu í Casablanca í frakknesku Marokko og létu e/s „Fagerstrand“ sigla með hann þangað undir eftirliti herskipa. Af öllu þessu var skipstjóranum á e/s „Fagerstrand“ fullljóst, að skip hans og áhöfn þess mætti vænta afarkosta af hendi liðsmanna Francos, ef saltfarminum væri ekki ráðstafað í Casablanca

eftir fyrirmælum þeirra og farmskirteini því, er skipstjórinn hafði verið látinn gefa út í Algeciras. Var þessvegna ógerningur að sleppa með farminn frá Casablanca. Verður stefndi þannig af greindum ástæðum ekki dæmdur til greiðslu fjárhæðar þeirrar, sem í kröfulið þessum getur.

Um 3. og 4. lið. Rök áfrýjanda fyrir þessum kröfuliðum eru þau, að skipstjórinn á e/s „Fagerstrand“ hafi borið fyrir borð hagsmuni hans með því að afhenda saltfarminn í Casablanca til varnaðarmanna Francos að áfrýjanda fornspurðum. Beri stefnda þessvegna að greiða andvirði saltfarms þess, sem keyptur var í skarðið í Cadiz, að fjárhæð £ 552—0—0, auk kostnaðar, að fjárhæð £ 80—9—1, er áfrýjandi kveðst hafa haft í þessu sambandi. Þess er þegar getið, að skipstjóranum á e/s „Fagerstrand“ verði ekki metið það til glapræðis, þótt hann afhenti farminn í Casablanca eftir skipan valdhafanna í Ceuta og firrti þannig skip sitt og áhöfn þess viðurlögum þeim, er þeim annars kostar hefðu verið búin. Verður þá ihugunarefni, hvort skipstjórinn með þessu úrræði sínu hafi lagt hagsmuni áfrýjanda í sölurnar fyrir hina brýnu hagsmuni skips síns og áhafnar þess og hafi á þann hátt gagnvart áfrýjanda orðið bótaskyldur eftir reglum neyðarréttarins. Úrlausn þessa atriðis veltur á því, hvort áfrýjandi hefir að lögum þess staðar, þar sem farmurinn var tekinn úr skipinu, þ. e. í Casablanca, talizt eigandi farmsins. Áfrýjandi hefði sem sé því aðeins getað fengið farminn til umráða í Casablanca, að tilkall hans hefði samkvæmt lögum þar í landi ekki verið fallið niður fyrir þá sök, að farmurinn hafði verið gerður upptækur af valdhöfunum í Ceuta eða fyrir síðari ráðstafanir þess-

ara valdhafa á honum. Af hendi aðilja hefir engin vitneskja verið færð fram um það, hvaða lög gilda í Casablanca í því efni, er að ofan getur, og verður ekki úr því skorið í þessu máli. Þykir því að svo vöxnu máli ekki unnt að leggja dóm á það, hvort stefnda beri að greiða áfrýjanda kröfuliði þá, sem hér er um að tefla, og verður þessvegna að vísa þeim frá héraðsdóminum.

Niðurstaða málsins er þannig sú, að kröfuliðunum 3 og 4 vísast frá héraðsdómi, en stefndi á að vera sýkn af kröfuliðunum 1 og 2 hér að framan.

Eftir atvikum málsins þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Kröfum þeim, er greinir í liðunum 3 og 4 hér að framan, vísast frá héraðsdómi.

Stefndi, Pétur Magnússon f. h. eigenda e/s „Fagerstrand“, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Sambands íslenzkra samvinnufélaga, þeim er greinir í kröfuliðunum 1 og 2 hér að framan.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 7. júní 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., er með samkomulagi málsaðilja höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 3. sept. s. l. af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, hér í bæ, gegn Pétri Magnússyni hrm., hér í bænum, f. h. eigenda e/s Fagerstrand, Skibsaktieselskabet Esbensens Rederi, Noregi, til greiðslu skaðabóta að upphæð £ 1832—18—1 ásamt 6% ársvöxtum af £ 1677—9—0 frá 1. maí til 21. júní 1937 og af £ 1832—

18—1 frá þeim degi til greiðsludags, svo og alls kostnaðar af siðargreindu lögaldi og máli þessu. Ennfremur krefst stefnandi þess, að staðfest verði með dómi réttarins lögaldsgerð sú, er hann lét fram fara í e/s Fagerstrand á Blönduósi 21. júní 1937 til tryggingar kröfum þessum, svo og að honum verði heimiluð aðför í tryggingu þeirri, er Útvegsbankinn h/f setti fyrir kröfum þessum, en stjórn bankans hefir verið stefnt til réttargæzlu í málinu.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, er verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu eða sankvæmt mati réttarins. Jafnframt hefir hann áskilið umbjóðanda sínum rétt til að krefjast skaðabóta hjá stefnanda vegna fyrrgreindrar lögaldsgerðar. Í rekstri málsins hefir stefndur gert þá varakröfu, ef skaðabótakrafa stefnanda yrði að einhverju eða öllu leyti tekin til greina, að vextir yrðu aðeins tildæmdir 5% p. a., og teldust þeir frá stefnudegi.

Samkvæmt skjölum þeim, sem fyrir liggja í málinu, svo og öðru, sem fram hefir komið í hinum munnlega flutningi málsins, eru málavextir þeir, sem nú skal greina:

Eimskipið Fagerstrand, eign Skibsaktieselskabet Esbensen Rederi, Blommenholm pr. Oslo, var með samningi dags. 20. jan. 1937 leigt K. Salvesen, Kragerø, til þriggja mánaða með framlengingarrétti fyrir £ 575 á mánuði frá byrjun febrúar 1937 að telja. Hinn 1. marz 1937 undirskrifaði umboðsmaður stefnanda í Leith farmsamning við skipamiðlarafirmað Wilson & Co., Hull, um að e/s Fagerstrand skyldi flytja fyrir stefnanda saltfarm, ekki meira en 1650 tonn og ekki minna en 1400 tonn, frá Trapani á Sikiley til 14—16 hafna á Austur- og Norður Íslandi, og skyldi skipið vera tilbúið til fermingar 20. marz 1937. Farmgjaldið var ákveðið 32 shillings og sex pence fyrir hvert afhent tonn, og skyldi helmingur þess greiddast fyrirfram. Skipamiðlarafirmað Wilson & Co. undirritaði samning þennan fyrir hönd eigenda skipsins, A/S Esbensen Rederi, en það má teljast upplýst í málinu, að þetta hafi verið villa í farmsamningnum, þannig að hinn raunverulegi farmflytjandi hafi verið K. Salvesen, sem hafði rétt yfir e/s Fagerstrand á þessu tímabili samkvæmt áður nefndum tímaleigusamningi. Með viðbótarsamningi dags. 3. apríl 1937 var sú breyting gerð á hinum fyrri farm-

samningi, að saltið skyldi tekið í Santa Pola á Spáni, og var farmgjaldið þá ákveðið 30 shillings fyrir hvert tonn. Málflutningsmaður stefnanda hefir ómótmælt skýrt svo frá hér fyrir réttinum, að umrædd breyting hafi verið gerð samkvæmt tilmælum skipseigenda, vegna þess, hve afgreiðsla skipa hafi um þessar mundir gengið seint í Trapani.

Skipið tók síðan farminn í Santa Pola, og var hann samkvæmt farmskirteini, útgefnu 12. apríl 1937, 1524 kilotonn, og voru þá greidd upp í farmgjaldið £ 1125—0—0, eins og samningar stóðu til. Hélt skipið svo af stað áleiðis til Gibraltar, og þaðan fór það 16. apríl kl. 14,30, eftir að hafa tekið þar ýmsar nauðsynjar. Kl. 16,40 sama dag, er skipið var hér um bil í miðju Gibraltar-sundi og utan landhelgi að álitu skipstjóra, bar þar að vopnaðan togara liðsmanna Francos á Spáni, og gaf hann skipinu merki um að staðnæmast, jafnframt því sem hann beindi að því fallbyssum sínum. Skipið var þá stöðvað, og eftir að mennirnir í togaranum höfðu fengið að vita, hvaðan skipið kom og hvert það ætlaði, kom skipun um, að það skyldi fylgja togaranum til Ceuta, og hlýðnaðist skipstjórinn því boði, enda kom þá og annar vopnaður togari í auglýs. Var komið til Ceuta kl. 18.35 sama dag, og að því er stefndur hefir skýrt frá, voru þá vopnaðir hermenn settir um borð í skipið. Yfirvöldin í landi sögðu skipstjóra síðan að biða frekari fyrirskipana, og voru skipverjar hafðir í einskonar haldi um borð, og skipstjórinn fékk fyrst að fara í land að sex dögum liðnum. Farmurinn í e/s Fagerstrand var síðan gerður upptækur af yfirvöldunum í Ceuta, að því er virðist 27. apríl 1937, „með tilliti til þess, að hann kom frá höfn rauðliða og í samræmi við tilskipun nr. 138, útgefna af stjórninni í Burgos“, eins og segir í framlögðu vottorði frá forseta foringjaráðs flotadeildanna á þessu svæði. Að því er ráða má af skeyti brezka konsúlsins í Gibraltar (rjshj. nr. 16), mun hafa verið byrjað að afferma saltið í Ceuta, en því bráðlega hætt, og farmurinn aftur settur um borð („captain agreed . . . to reload same cargo“). Skipstjóranum var síðan boðið að sigla með farminn til Algeciras á Spáni, og fylgdu herskip Francomanna skipinu þangað. Er þangað var komið, skrifaði skipstjórinn á e/s Fagerstrand, 29. apríl 1937, undir farm-

samning við Ítala, að nafni Leone Botbol, þess efnis, að skipstjóri skuldbatt sig til að flytja saltfarminn (1524 tonn) frá Algeciras til Casablanca í franska Marokko fyrir 20 franska franka hverja smálest. Hefir stefndur ómótmælt skýrt svo frá, að skipstjórinn hafi verið fenginn til að skrifa undir samning þennan með hálfkveðnum hótunum, m. a. að ef skipstjórinn efndi ekki samninginn, mundi skipið verða skotið niður, hvar sem það hittist á eftir. Herskip Francomanna fylgdu síðan skipinu inn að höfninni í Casablanca, og 4. maí 1937 mun hafa verið byrjað að afferma saltið þar. Fyrir milligöngu skipamiðlarafirmans Wilson & Co., Hull, mótmælti brezki konsúllinn í Casablanca því f. h. stefnanda við skipstjóran á e/s Fagerstrand, að farmurinn yrði látinn þar af hendi. Í framlögðu svarbréfi frá skipstjóranum til konsúlsins (rjskj. nr. 26) skirskotar hann fyrst til samtals við konsúlinn, þar sem skýrt var frá ástæðunum fyrir því, að skipið væri komið til Casablanca, og síðan segir:

„I have since then had a communication from my Owners who, in consideration of the circumstances, authorize the discharge of the confiscated salt cargo in this port.“

Var farmurinn síðan settur á land í Casablanca, en ekki er fullkomlega upplýst, hver hefir tekið við honum þar, hvort það var móttakandi sá, er tilgreindur var í farmsamningnum frá Algeciras (eins og stefndur staðhæfir), eða norski konsúllinn þar í borg, eins og stefnandi heldur fram. Hið umsamda farmgjald (20 frankar á tonn) segir stefndur að hafi gengið til að greiða kostnað við veru skipsins í Algeciras og Casablanca, og ekki hrokkið til. Með samningi dags. 1. maí 1937 tók e/s Fagerstrand (fyrir milligöngu skipamiðlaranna Wilson & Co.) að sér að flytja nýjan saltfarm fyrir stefnanda frá Cadiz til Íslands, og var farmgjaldið ákveðið þar 22 shillings og sex pence fyrir hvert tonn, en að öðru leyti skyldu ákvæði hins upphaflega farmsamnings aðiljanna halda gildi sínu.

Réttarkröfur sínar byggir stefnandi á því, að skipstjórinn á e/s Fagerstrand hafi gerzt sekur um skyldubrot gagnvart sér, er hann, að því er virðist að nokkru leyti eftir fyrirmælum skipseigenda, ráðstafaði farminum eins og hann gerði í Casablanca, þrátt fyrir framkomin mót-

mæli af hálfu stefnanda. Telur stefnandi, að skipstjórinn á e/s Fagerstrand hafi að visu ekki getað hagað sér öðru-vísi en hann gerði, meðan hann var á valdi liðsmanna Francos, en þar sem skipið hafi verið tekið á ólöglegan hátt og af ólöglegum yfirvöldum, með því að hvorki Noregur né Ísland hafi þá eða síðar viðurkennt yfirráðarétt Francos á Spáni, þá hafi réttindi stefnanda yfir saltfarminum samkvæmt hinum upphaflega farmsamningi aldrei fallið niður, þótt svo væri kallað, að farmurinn væri gerður upptækur, heldur hafi réttindin aðeins „suspenserast“, meðan hin „faktiska“ hindrun stóð yfir. Heldur stefnandi því þessvegna fram, að þegar skipið hafi verið komið til Casablanca, sem sé höfn í hlutlausu ríki (Frakklandi), þá hafi skipstjórinn verið óbundinn um ráðstöfun á farminum, nema af hendi hans (stefnanda), og óheimilt að ráðstafa farminum, nema í samráði við hann. En þar sem svo hafi ekki verið gert, og hann hafi aldrei fengið farminn eða andvirði hans, telur stefnandi, að eigendum e/s Fagerstrand, stefndum í máli þessu, beri að bæta sér það tjón, er hann hafi beðið af þessu atferli skipstjórans, en tjónið sundurliðar hann þannig:

1. Kostnaður, er stefnandi greiddi vegna breytinga á farmsamningnum, er ákveðið var að saltið skyldi tekið í Santa Pola í stað Trapani £ 75— 0—0
Til vara hefir stefnandi krafist þess að krafa þessi yrði tekin til greina að hálfu leyti.
2. Fyrirfram greitt farmgjald af hinum glataða farmi - 1125— 0—0
3. Andvirði saltfarmsins frá Cadiz - 552— 9—0
4. Ýmiskonar kostnaður - 80— 9—1

Samtals £ 1832—18—1

Stefndur hefir reynt ófáanlegur til að greiða stefnanda nokkrar bætur út af umræddum atburðum, og þegar e/s Fagerstrand var stutt á Blönduósshöfn 21. júní 1937, var, að beiðni stefnanda og á hans ábyrgð, lagt lögöld á skipið til tryggingar framangreindum kröfum ásamt vöxtum og kostnaði. Skipið var síðan látið laust 24. s. m., eftir að Útvegsbanki Íslands h/f hafði tekið að sér ábyrgð á

greiðslu allt að £ 2100—0—0, auk ísl. kr. 2500.00. Síðan höfðaði stefnandi mál þetta, eins og fyrr greinir, og gerir hann í því áður nefndar réttarkröfur.

Sýknukröfu sína byggir stefndur fyrst og fremst á því, að óviðráðanleg atvik hafi valdið því, að farmurinn komst ekki á ákvörðunarstað og að stefnandi missti algerlega af honum.

Telur stefndur, að skipstjórinn á e/s Fagerstrand hafi hagað sér eins og vera bar undir þessum kringumstæðum, enda hafi hann átt svo mikið í hættu, að það hafi ekki náð neinni átt að óhlýðnast skipunum Franco-manna að neinu leyti, og hafi sú hættu ekki verið úr sögunni, þótt komið væri til Casablanca, enda hafi skipstjórinn á e/s Fagerstrand brostið alla heimild til að taka aftur upp á eigin spýtur farm þann, er liðsmenn Francos höfðu gert upptækan í Ceuta. Heldur stefndur því fram, að mál út af atburðum sem þessum séu milliríkjamál, er stjórnir viðkomandi ríkja verði að taka að sér, og það nái engri átt að gera þær kröfur til einstaklinganna, er verði fyrir tjóni af völdum stríðsaðilja, að þeir, á einn eða annan hátt, fari að leita réttar sins upp á eigin spýtur.

Auk þessa hefir stefndur mótmælt hinum einstöku kröfum stefnanda ýmist sem ranglega beint að sér eða sem röngum að nokkru eða öllu leyti.

Það má teljast upplýst í málinu, að e/s Fagerstrand var tekið af vopnuðu skipi Franco-manna, fært til hafnar í Ceuta og haldið þar með hervaldi. Það er og upplýst, að skipstjórinn mótmælti tókunni samdægurs við yfirvöldin í Ceuta (rjskj. nr. 19). Farmur skipsins var síðan gerður upptækur eftir þargildandi réttarreglum og skipinu svo boðið að halda til Algeciras og því fylgt þangað af herskipum. Þar var skipstjórinn á e/s Fagerstrand með hótunum látinn skrifa undir áðurgreindan farmsamning og skipinu síðan fylgt til hafnar í Casablanca af vopnuðum skipum. Rétturinn fær því ekki annað séð, en að, eins og á stóð, verði skipstjórinn ekki átalinn fyrir að hafa hlýðnast skipunum Franco-manna, einnig að því er snertir afhendingu farmsins í Casablanca, því að þótt sú höfn sé undir yfirráðum hlutlauss ríkis (Frakklands), þá er siglingarleiðin þangað og þaðan, svo og á stóru svæði umhverfis Spán, „de facto“ undir hernaðarvaldi Francos, og skiptir

þá engu máli, þótt hlutaðeigandi ríki hafi ekki „de jure“ viðurkennt yfirráðarétt Francos á Spáni. Skipstjórinn á e/s Fagerstrand gat því réttilega búist við alvarlegum aðgerðum gagnvart sér og skipi sínu (og jafnvel norska verzlunarflotanum), ef hann hefði ráðstafað farminum í bága við farmsamninginn frá Algeciras, enda er svo ákveðið í þeim samningi, að ef skipstjórinn á e/s Fagerstrand afhendi ekki farminn skilvíslega í Casablanca-höfn, þá skuli hann og útgerðarmenn skipsins „in solidum“ greiða hinum skráða farmsendara (Ítalanum Botbol) 100 þús. franka, og skyldi skipið með öllum útbúnaði vera að veði fyrir þeirri upphæð. Og eftir þeirri skýrslu, sem stefndur hefir ómótmælt gefið hér fyrir réttinum um reynslu skipstjórans á e/s Fagerstrand af þeirri meðferð, er hlutlaus erlend skip sæti í slíku tilfelli sem þessu af hálfu stríðsaðilja, verður rétturinn að telja, að skipstjórinn (og skipseigendur) hafi haft fulla ástæðu til að ætla, að alvarlegar afleiðingar hlytust af, ef settum fyrirmælum væri ekki hlýtt. Og þar sem því er ekki haldið fram eða það upplýst í málinu, að unnt hafi verið að fá fullnægjandi aðstoð að þessu leyti, verður ekki talið, að skipstjórinn hafi með þeirri afhendingu farmsins í Casablanca, sem að framan er lýst, gert sig sekan um slíkt skyldubrot gagnvart stefnanda þessa máls, að stefndum beri að bæta það tjón, er stefnandi telur sig hafa bæðið af þessum sökum, án þess að nokkur afstaða sé tekin til réttmætis hinna einstöku kröfufliða.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefndur verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum verður málskostnaður látinn falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, hrm. Pétur Magnússon f. h. eigenda e/s Fagerstrand, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sambands íslenzkra samvinnufélaga, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.